

**71. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
17. október 2017 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Sigríður Indriðadóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Rakel Óskarsdóttir varamaður, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Þórdís Árný Örnólfsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks leikskóla, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Jón Hjörvar Valgarðsson áheyrnarfulltrúi ungmenna, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1710049 - Bæjarstjórnarfundur unga fólksins 2017

Ákvörðun um tímasetningu á bæjarstjórnarfundum unga fólksins.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að bæjarstjórnarfundur unga fólksins verði 21. nóvember 2017.

Áheyrnarfulltrúar Heiðrún og Jón Hjörvar víkja af fundi kl. 16:50.

2. 1710042 - Staða barna - ályktun

Ályktun frá samráðsfundi Félags stjórnenda leikskóla.

3. 1710050 - Leikskóli - stofnun deildar yngri barna

Upplýsingar um stöðu máls.

Áheyrnarfulltrúar Þórdís Árný og Anney víkja af fundi kl. 17:45

4. 1710056 - KFÍA - styrkbeiðni

Erindi frá Knattspyrnufélagi ÍA

Skóla- og frístundaráð vísar erindi KFÍA til endurskoðunar á samningi Akraneskaupstaðar og ÍA og óskar jafnframt eftir því að tekið verði tillit til annarra félaga innan ÍA vegna sambærilegrar fjáröflunar. Kallað verði eftir upplýsingum um mögulegar tekjur af þjónustunni.

5. 1710118 - Dagforeldrar - námskeið haustið 2017

Skóla- og frístundasvið styrkir 5 dagforeldra til að taka þátt í grunnnámskeiði.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Kristinn H. Sveinsson
Hávilundur Ólaf Pagnarsd.
Pókur
Sigríður Indriðadóttir